

Fundargerð fundar framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 981

Dagsetning: 2. maí 2023 klukkan 8:50

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Óskar Reykdalsson, Elínborg Bárðardóttir, Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir, Ingunn Sigurgeirsdóttir, Jónas Guðmundsson, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir og Brjánn Jónasson, sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: A. Þór Þórsson mannauðsráðgjafi sat fundinn undir lið 1.

I. Efni til kynningar

1. Fjölskyldudagur HH

A. Þór Þórsson mannauðsráðgjafi kynnti drög að dagskrá og fjárhagsáætlun fyrir fjölskyldudag HH, sem til stendur að halda 13. ágúst næstkomandi. Framkvæmdastjórn tók jákvætt í að halda viðburðinn.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

II. Efni til Umræðu

3. Húsnæðismál

Rætt um framtíðarstefnumótun í húsnæðismálum HH tengt samningum um húsaleigu sem renna munu út á næstu árum. Starfsemi HH er nú í 21 byggingu og alls 21.100 fermetrum. Hugmyndir eru uppi um sameiningu heilsugæslustöðva og að sameina skrifstofu og aðra miðlæga þjónustu sem mest á einum stað.

4. Heimahjúkrun

Fjallað er um aukafjárveitingu að fjárhæð 80 milljónir króna sem Heimahjúkrun HH hefur fengið til að bæta kvöld- og helgarþjónustu. Rætt um útfærslur á þeirri þjónustuaukningu en einnig stöðu mönnunar hjá Heimahjúkrun yfir sumartímann.

5. Upplýsingamiðstöð

Rætt um hugmyndir um aukið hlutverk Upplýsingamiðstöðvar HH varðandi símaráðgjöf tengt geðheilbrigðismálum.

III. Efni til afgreiðslu

6. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 18. apríl 2023 rædd.

Niðurstaða: Afgreiðslu fundargerðar frestað.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:00